

127. fundur skráningarráðs, haldinn þriðjudaginn 20. apríl kl. 9:00-9:40, fjarfundur

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með örlítilli breytingu.
2. Höfundur – myndskreyting

Umræður um hlutverkin Myndskreyting og Myndlistarmaður. Spurning hvort taka eigi upp hlutverkið Myndhöfundur. Kveikjan var beiðni frá einstaklingi sem bað um að hlutverki hennar í Gegni væri breytt úr Myndskreyting í Höfundur. Rætt um bækur með myndum eftir Rán Flygenring og bækur Sigrúnar og Þórarins Eldjárn. Áslaug og Berglind Hanna skoða og koma með tillögur.

3. Erindi um athugasemdasvið 518

Hallfríður bar upp erindi um hvort nota megi svið 518, deilisvið a til að færa inn athugasemdir um stað og stund fyrir tónlistarupptökur. Samþykkt.

4. Önnur mál.

Sigrún sagði frá vinnu við yfirfærslu Gegnis í Ölmú. Á næstunni verða gögnin dregin út og þau fara í vinnslu hjá Ex Libris. Fyrstu prófanir eru fyrirhugaðar í lok maí. Það eru vandamál í sambandi við íslensk mannanöfn þar sem nafnmyndauppsetning í Ölmú byggir eingöngu á deilisviði a. Það er ljóst að vinnuumhverfi skrásetjara breytist en hægt verður að stjórna birtingu í leitargátt.

Næsti fundur er áætlaður 18. maí kl. 9:00